

2.fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn þriðjudaginn 15. október á Café Mika og hófst hann kl: 13:00.

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður. Einnig sátu fundinn: Hjörný Karlsdóttir, Óskar Snorri Óskarsson, varaformaður og Una Bóel Jónsdóttir sem skráði fundargerð. Þá sat Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero og Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti einnig á fundinum.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2020

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti mætti á fundinn og fór yfir helstu liði fjárhagsáætlunnar sem snerta málefni ungmennaráðs.

2. Sundlaug/Íþróttahús 2020

Halldóra sagði frá punktum og athugasemdum sem sveitastjórn hafði gert og skoðað við verð í sund og íþróttahús.

Ungmennaráð tók umræðu um það málefni og skoðuðum við framkvæmdaráætlun 2020 sem sveitastjórnin gerði.

Punktur sem við vorum með - **sundlaug:**

- Þeir sem sækja skóla (grunnskólaaldri) fá frítt í sund.
- Breytingin um að hækka aldurinn (börn) er góð. Erum sammála því.
- Erum sammála sveitastjórn að hækka verðið í „sléttar“ tölur.
- Hafa staka miða á sama verði því notendur sem koma og nota sundlaugina finnst verðið ekki hátt miðað við aðrar sundlaugar.

Íþróttahús og útisvæði/útitæki

- Kaupa aparólu í Lækjagarðinn.
- Skillti, æfingatæki, merkja gönguleiðir, leiktæki í norðurbænum, tengja svæðið við Miðfell og golfvöllin (gera gönguleiðir þar á milli).
- Mætti setja meira fjármagn í það.

3. Hugmyndir af skólapingi sveitafélagana

Fjallað var lítilega um skólapingið.

4. Flokkunarfræðsla fyrir grunnskólann

Ungmennaráð ákváð að leggja meiri tíma og vinnu í bæjarhátíðina í stað þess að kynna flokkunarkerfið í grunnskólanum. Megin ástæða þess er að Ísland er ekki með sameiginlegt flokkunarkerfi og er það mörgum ruglingslegt og erfitt og því myndum við frekar vilja kynna það þegar það er gert. En okkur langaði samt að gera eitthvað varðandi flokkunina hér. Óskar Snorri ætlar að tala við skólástjórnendur á nemendaráðsfundi og segja þeim að breyta litunum á ruslatunnunum innan skóla, því liturinn þar er ekki sá sami og er hér á Flúðum.

5. Bæjarhátíð/Heilsuvika

Ungmennaráð kom með mjög mikið af hugmyndum um hvernig hátíðin/heilsuvikan myndi vera. Vorum einnig með hugmyndir um dagsetningar, tímasetningar og staðsetningar.

Heilsuvikan myndi hafa það markmið að sameina bæinn og búa til góða og skemmtilega stemmingu sem leggur áherslu á hreyfingu fyrir alla aldurshópa.

Megináherslan hátíðarinnar/heilsuvikunnar er hreyfing sem myndi vera stór þáttur í viðburðum vikunnar.

Okkur datt í hug að hver gata eða hvert svæði myndi vera með ákveðin lit sem er hægt að skreyta húsin með. Það myndar ákveðna stemmingu sem er alltaf skemmtileg. Það myndi ef til vill vera einhver götukeppni, þar að segja að göturnar myndu keppa sín á milli í einhverju ákveðnu, eins og t.d. fótbolta.

Hátíðin/Heilsuvikan myndi vera um vika og á á hverjum degi er eitthvað hreyfitengt í boði og þær hugmyndir sem ungmennaráð lagði upp á borðið, voru eftirfarandi:

- Að hafa Zumba
- Gönguferð upp á Miðfell
- Karate
- Gönguferðir um svæðið í kring
- Götulið (keppni á milli gata)

Einnig voru hugmyndir um að tefla.

Síðasta daginn myndir svo vera léttir útítónleikar í Lækjagarðinum sem fjölskyldur og vinir geta komið og notið samverustundar saman.

Dagsetningarnar sem ungmennaráð kom upp með voru:

- Rétt eftir Verslunarmannahelgina
- Síðustu vikuna í júní
- Í byrjun ágúst

6. Tillaga heilsueflandi stýrihóps

Nói Mar kynnti það fyrir ungmennaráði.

7. Önnur mál

- Að hafa aparólu í Lækjagarðinum eða þar í kring.
- Að hafa fleiri ruslatunnur úti, sem hægt er að flokka.
- Rætt um sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fundi slitið: 15:20

